

Samkeppniseftirlitið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 11.02.2016  
Tilv. 2015/0863 - 0.1.00  
ÞAÁ

### **Efni: Sjónarmið Neytendastofu um frummatsskýrslu um eldsneytismarkaðinn**

Neytendastofa vísar til bréfs Samkeppniseftirlitsins, dags. 4. desember 2015, þar sem óskað er eftir sjónarmiðum og athugasemdum um frummatsskýrslu um eldsneytismarkaðinn.

Í inngangi skýrslunnar kemur fram að rannsóknin er nýmæli og markmið er m.a. að rannsaka hvort að grípa þurfi til aðgerða vegna aðstæðna eða háttsemi sem raska samkeppni eða telja megi að sé almenningi til tjóns, sbr. og tilvísun til nýrrar lagaheimildar frá árinu 2011.

Eldsneytismarkaður skiptir miklu máli fyrir neytendur, fyrirtæki og allan almenning hér á landi. Neytendastofu telur eldsneyti vera nauðsynjavöru og tekur stofnunin undir það sem fram kemur í skýrslunni að eldsneyti er afar mikilvæg vara fyrir heimili og atvinnulífið.

Grundvallaratriði er að skipulagsleg umgjörð eldsneytismarkaðarins sé þannig að hún stuðli að virkri samkeppni á markaði til hagsbóta fyrir neytendur og samfélagið í heild. Á Íslandi er ríkjandi viðskiptafrelsi að lögum sem almennt séð er til þess fallið að styðja við frjálsa samkeppni og fjölbreytni við innflutning og sölu á vörum og þjónustu. Varðandi eldsneytismarkaðinn er þó alvarleg hindrun í vegi fyrir því að slík samkeppni nái að vaxa eins og aðstæður ríkjandi viðskiptafrelsis hér á landi gæti gefið tilefni til. Meginhindrun að mati Neytendastofu er sú aðgangshindrun sem felst í því að markaðsráðandi aðilar eiga allar birgða- og geymslustöðvar fyrir innflutt eldsneyti. Mikill stofnkostnaður er fólgin í því fyrir nýja aðila á markaði að koma upp geymslu- og birgðaaðstöðu og erfitt, jafnvel óraunhæft, að unnt sé að leita til samkeppnisaðila um þá þjónustu. Auk þess er uppsetning slíkra birgðastöðva og geymslugeyma háðar ströngum skilyrðum sveitar- og hafnarstjórna eins og eðlilegt er. Framangreind atriði leiða til þess að mati Neytendastofu að hér eigi við að Samkeppniseftirlitið beiti nýlegum heimildum sínum og geri kröfu um að starfsemi sem varðar eignarhald og rekstur birgðastöðva verði aðskilin frá starfsemi sem miðar að sölu á eldsneyti. Jafnframt verði tryggt að eignarhald á starfsemi birgða- og geymslustöðva verði dreift og takmarkanir settar á leyfilegt eignarhald aðila sem stunda sölustarfsemi á eldsneyti. Slík umgjörð myndi að mati Neytendastofu vera til þess fallin að stuðla að aukinni samkeppni og inngöngu nýrra söluaðila á þennan markað.

Neytendastofa vill auk þess benda á að í kafla 11.3.4 í skýrslunni er fjallað um aukið neytendaaðhald og til þess vísað að Samkeppniseftirlitið telji koma til greina að skylda eldsneytisstöðvar til þess að birta eldsneytisverð á skýran hátt á auglýsingaskiltum við eldsneytisstöðvar.

Neytendastofa vill vekja athygli Samkeppniseftirlitsins á því að um verðmerkingar eldsneytisstöðva gilda ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, auk reglna nr. 385/2007, um verðmerkingar á bifreiðaeldsneyti.


Samkvæmt ofangreindum reglum ber seljendum bifreiðaeldsneytis ávallt að gæta þess að neytendum sé ljóst af verðmerkingu hvert verð eldsneytisins er áður en dæling hefst. Því til viðbótar ber seljendum sölustöðva sem selja meira en eina milljón lítra eða meira á ári að vera með verðskilti. Í 2. másl. 3. gr. reglna nr. 385/2007 segir um verðskilti: „*Staðsetning verðskiltis skal vera þannig að verð á þeim tegundum eldsneytis sem í boði eru á sölustaðnum sjáist auðveldlega úr bifreið þegar hún nálgast sölustaðinn.*“ Af þessu er ljóst að nú þegar er til staðar skylda fyrir seljendur bifreiðaeldsneytis til að verðmerkja söluvöru sína og í vissum tilvikum að verðmerkja vöru sína með verðskilti sem sýnilegt er úr bifreið sem ekur framhjá sölustaðnum.


Með vísan til þessa og fótnotu nr. 137 á bls. 115 þar sem fram kemur að einstaka eldsneytisstöðvar á höfuðborgarsvæðinu hafi slökkt á eða hætt birtingu verðs á skiltum, óskar Neytendastofa eftir frekri upplýsingum um þær stöðvar svo stofnunin geti leitað skýringa á því og framfylgt lögboðnum reglum að þessu leyti.

Jafnframt telur stofnunin koma til álita að breyta framangreindum reglum þannig að ávallt sé skylt að tilgreina verð eldsneytis með þeim hætti sem mælt er fyrir um í reglunum án undanþágu varðandi magn sem selt er á viðkomandi sölustað.

Skýrsla Samkeppniseftirlitsins er yfirgripsmikil og þar er vakin athygli á ýmsum þáttum sem varða hag neytenda á þessum markaði. Neytendastofa vill taka fram að ekki hefur tekist að skoða öll atriði skýrslunnar og ekki unnt að gera skýrslunni tæmandi skil á þessu stigi m.a. vegna mikilla anna stofnunarinnar við daglega afgreiðslu mála. Stofnunin áskilur sér því rétt til þess að koma á framfæri sjónarmiðum síðar ef ástæða þykir til varðandi einstök atriði frummatsskýrslunnar.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendastofu

  
Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

  
Þórunn Anna Árnadóttir  
Sviðsstjóri